

Nð.

113. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um skipun varabiskups.

Vér, sem háttv. neðri deild hefir falið að ihuga nefnt frumvarp höfum ekki getað orðið algerlega á eitt mál sáttir. Allir eru að visu nefndarmennirnir samdóma biskupi landsins og stjórninni um það grundvallaratriði, að biskupsvígsla eigi jafnan fram að fara í voru eigin landi og að annað fyrirkomulag í því efni sé óhæfa, er komi jafnvel í bág við sjálfa stjórnarskrána. En þegar um það er að ræða, hver leið skuli farin til að tryggja það, að biskupsvígsla geti ávalt farið fram í landi voru, skilja leiðir meira eður minna með nefndarmönnum. Einn nefndarmanna (Jón Þorkelsson) ræður háttv. deild til að fella frumvarp það, sem hér liggur fyrir, en kemur í þess stað fram með nýtt frumvarp, er hann gerir grein fyrir með sérstöku álit. Við undirritaðir ráðum aftur á móti deildinni til að samþykkja það, að eins með nokkrum breytingum, er hér skal gerð grein fyrir.

Okkur kemur báðum saman um það, að viðfeldnara sé að nota orðið »vígslubiskup« en »varabiskup«, einkanlega þar sem starfið samkvæmt frumvarpinu er fólgið í því einu, að vígja hinn reglulega biskup og presta landsins í forföllum aðalbiskupsins. Sammála erum við og um það, að álit hinnar islensku prestastéttar yfir höfuð skuli leita við skipan þessa embættis og teljum meira að segja æskilegt og eðlilegast, að sjálfur aðalbiskupinn væri líka jafnan skipaður á sama hátt.

Við þessar tvær breytingar á frumvarpinu vill annar okkar (Eggert Pálsson) láta sita, og telur sjálfsagt, að svo veglegu starfi, sem hér er um að ræða og að sjálfsögðu lendir í hvert sinn á einhverjum hinna mest metnu kennimanna landsins, fylgi sómasamleg laun líkt og stungið er upp á í frumvarpinu. En hinn (Sigurður Gunnarsson) sér ekki ástæðu til að launa vígslubiskupinn og ætla að hver prestur eða prófastur, er skipaður yrði til þessa starfs, mundi fúslega takast það á hendur launalaust og ekki telja sæmd sína skerta, þótt föst laun væri engin; þvert á móti.

Breytingar þær, sem við, samkvæmt framanskráðu, leggjum til að gerðar séu á frumvarpinu eru þessar:

1. Í stað orðanna: »skipa biskup—varabiskup« (1. málsgr.) komi: »skipa annan biskup er nefnist vígslubiskup«. Orðið »varabiskup« breytist samkvæmt því bæði í fyrirsögn frumvarpsins og annarstaðar í »vígslubiskup«.
2. Orðin: »Varabiskup—500 kr. úr landssjóði« falli burt.
3. Í stað orðanna: »Konungur veitir það embætti« komi: »Konungur veitir þetta embætti samkvæmt tillögum klerkastéttarinnar«.

Alþingi, 4. marz 1909.

Sigurður Gunnarsson,
formaður.

Eggert Pálsson,
framsögumaður.

Álit minni hluta nefndarinnar.

Meðnefndarmenn mínir hafa ekki getað átt samleið með mér, nema að nokkru leyti. Þeir hafa ekki treyst sér til að fylgja mér alla leið.

Eg er þeim samdóma um það, að til bráðabirgða geti kirkja og kristni hér á landi haft nokkurn bata af því, að hafa einn vigslubiskup auk aðalbiskupsins, en þá þykir mér nokkurn veginn við sæmandi um sinn, sé vigslubiskuparnir tveir, sinn í hvoru af biskupsdæmunum fornu, Skálholts- og Hólabiskupsdæmi. En svo finst mér þó sem ekki nái kirkja landsins né kristni fullum sóma né sjálfstæði, ef ríki og kirkja á framvegis að verða samferða, nema því að eins, að endurreist sé hin fornu biskupsdæmi landsins. Eg hefi þess vegna ekki séð mér fært að ráða hinni háttvirtu deild til þess, að samþykkja stjórnarfrv., en hefi leyft mér að koma fram með frumvarp um það, að landinu verði við næstu biskupaskifti skift í tvö biskupsdæmi svo sem að fornu, Skálholtsbiskupsdæmi og Hólabiskupsdæmi (þingskjal 92), og ætlast eg til, að biskupsembætti það, sem nú er, verði framhald af Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, og að því embætti fylgi sömu laun, sem biskup hefir nú. Þangað til að þessi skipan kemst á hefi eg lagt það til, að kosnir verði tveir *officiales*, sinn af hvoru biskupsdæmi, og nefnist þeir vigslubiskupar. Ætlast eg til að biskup samþykki kosning þeirra og veiti þeim biskupsvígslu.

Ágreiningur hefir fyrrum verið nokkur um takmörk biskupsdæmanna að austan, en að vestan hefir Hrutafjarðará jafnan verið átölulaus landamerki. Á árunum 1504—1505 þræta þeir og dæma hvor ofan í annan um það Gottskálf biskup Nikulásson á Hólum og Stefán Jónsson biskup í Skálholti, hvort Skeggjastaðir »á Strönd« hafi heldur verið gefnir til beneficium undir Skálholtsdómkirkju eða goldnir Hóladómkirkju í sekt (1504) af Jóni priorsbróður (Dipl. Isl. VII, 646, 699). Þeirri þrætu lauk að visu svo, að Skálholtsbiskup varð hlutskarpari, en ágreiningurinn hélzt eigi að síður um takmörk biskupsdæmanna að austan þangað til 1641, að Brynjólfur biskup lét stöðja þau með dómi samkvæmt góðra manna tilsögn og vitnisburðum. Hefi eg til þess að taka af tvímæli hér um látið þau gögn fylgja frumvarpi því um endurreisn Hólabiskupsdæmis, sem eg hefi leyft mér að koma fram með.

Fyrir frumvarpi því um kaup á Skálholti (þingskjal 91), sem nefndin hefir orðið sammála um, að leggja fyrir þingdeildina, mun gerð grein í framsöggunni, eins og fyrir málefni þessu að öðru leyti í heild sinni.

Alþingi, 4. marz 1909.

Jón Þorkelsson,
skrifari.